

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um starfsmenn og nemendur Iðnskólans í Reykjavík og Iðnskólans í Hafnarfirði.

1. *Var öllum starfsmönnum Iðnskólans í Reykjavík boðið starf við Tækniskólann þegar Iðnskólinn var einkavæddur árið 2008 og Rekstrarfélag Tækniskólans tók við rekstri hans? Öllum starfsmönnum Iðnskólans í Reykjavík var boðið starf þegar Menntafélagið ehf. tók við rekstri Iðnskólans í Reykjavík árið 2008.*
2. *Hófu allir starfsmenn Iðnskólans í Reykjavík störf hjá Tækniskólanum eftir sameiningu? Ef svo var ekki, óskast upplýsingar um hversu margir nýttu sér biðlaunarétt eða fóru á eftirlaun.*
Öllum starfsmönnum var boðið starf. 14 kennarar og fjórir aðrir starfsmenn fóru á biðlaun og tveir kennarar og tveir aðrir starfsmenn hættu vegna aldurs.
3. *Héldu allir nemendur Iðnskólans í Reykjavík áfram námi við Tækniskólann eftir sameininguna? Ef svo var ekki, hversu mikið var brottfallið?*
Ekki er vitað til þess að nemendur hafi hætt vegna sameiningar Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík. Umsóknum fjölgaði eftir sameiningu við innritun 2008 og 2009 á meðan þeim fækkaði í öðrum starfsmenntaskólum á höfuðborgarsvæðinu.
4. *Var öllum starfsmönnum Iðnskólans í Hafnarfirði boðið starf við Tækniskólann þegar Iðnskólinn var einkavæddur sumarið 2015 og Rekstrarfélag Tækniskólans tók við rekstri hans?*
Öllum starfsmönnum Iðnskólans í Hafnarfirði var boðið starf þegar Tækniskólinn ehf. tók við rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði árið 2008.
5. *Hófu allir starfsmenn Iðnskólans í Hafnarfirði störf hjá Tækniskólanum eftir sameiningu? Ef svo var ekki, óskast upplýsingar um hversu margir nýttu sér biðlaunarétt eða fóru á eftirlaun.*
Öllum starfsmönnum var boðið starf. Tveir kennarar nýttu biðlaunaréttinn, einn fór á eftirlaun og einn réð sig til kennslu annars staðar. Aðrir voru ráðnir til Tækniskólans.
6. *Hve margir þeirra starfsmanna sem voru við Iðnskólann í Hafnarfirði skólaárið 2014–2015 eru nú við störf hjá Tækniskólanum?*
Sex starfsmenn, þrjú kennarar og þrjú aðrir starfsmenn sem réðust til Tækniskólans frá Iðnskólanum í Hafnarfirði, hafa látið af störfum síðan skólarnir voru sameinaðir.

7. *Héldu allir nemendur Iðnskólans í Hafnarfirði áfram námi við Tækniskólann eftir sameininguna? Ef svo var ekki, hversu mikið var brottfallið?*

Ekki er vitað til þess að nemendur hafi hætt vegna sameiningar Tækniskólans og Iðnskólans í Hafnarfirði. Umsóknnum fjölgaði eftir sameiningu milli ára 2015 og 2016 á meðan þeim fækkaði í öðrum starfsmenntaskólum á höfuðborgarsvæðinu.